

Fundargerð

306. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs (fjarfundur)

Fimmtudaginn 27. maí 2021 kl. 8³⁰–10¹⁵.

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) Gestir: Íris Gunnarsdóttir (ÍG)
Hildur Hauksdóttir (HH)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Eygerður Margrétardóttir (EM)

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt, án áritunar.

LHG fór yfir að ónákvæmni hefið verið í orðalagi bókanar stjórnar á fundi nr. 304 sem hafi verið bætt úr og fundarmönnum verið send ný fundargerð. Endurskoðuð fundargerð fundar nr. 304 var borin upp á fundinum.

Samþykkt, án áritunar.

2. Veifaræri

LHG fór yfir að endurskoðuð samningsdrög á milli SFS og Úrvinnslusjóðs um meðhöndlun veifaræra úr plasti liggja nú fyrir. Drögin voru lögð fram á fundinum. HH fór yfir samningsdrögin. Margir hafa komið að gerð samningsdraganna, útgerðir, veifaræragærðir, stjórn og starfsmenn Úrvinnslusjóðs og sérfræðingar umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Stærstu veifaræragærðir landsins ásamt nokkrum netaverkstæðum útgerða sem staðsett eru um allt land eru nú aðilar að samningum. Farið var yfir markmiðin um endurheimt og endurnýtingu/endurvinnslu á veifarærum úr gerviefnum í samningsdrögunum. Farið yfir að þessi drög uppfylli tilskipun ESB um veifaræri úr plasti. Formaður stjórnar stefnir að því að leggja fullbúinn samning um meðhöndlun veifaræra fyrir stjórn fyrir sumarhlé stjórnar. Farið var yfir á fundinum að staðfestingar á móttöku veifaræra úr plasti hjá endurvinnsluaðilum veifaræraúrgangs fyrir árin 2019 og 2020 hafa verið sendar til Úrvinnslusjóðs.

3. Heyrúlluplast

Farið var yfir að á stjórnarfundi nr. 304, 29. apríl 2021 kynnti framkvæmdastjóri PNR tvær tillögur sem stuðlað gætu að lausn mála er lúta að breyttri flutningsjöfnun fyrir heyrúlluplast sem og mat á óhreinindahlutfalli. Framhaldið var umræðu frá síðasta fundi stjórnar.

Sagt var frá fundi með fulltrúum umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis sem fjallaði um úrvinnslu og endurnýtingu á plasti sem ÓK, ÍG og GS tóku þátt í ásamt tveimur fulltrúum frá UAR. Farið var yfir niðurstöðu lögfræðialits á fundinum, að það þyrfti að breyta lögum um úrvinnslugjald, til að hægt væri að undirbúa tilkynningu til ESA um ríkisstyrki til innlendar endurvinnslu, vildu menn fara slíka leið. Fulltrúar umhverfis- og samgöngunefndar óskuðu eftir tillögu frá starfsmönnum UAR um breytingar á markmiðsákvæði laga um úrvinnslugjald í þessum tilgangi. Stjórnarmenn ræddu um hugsanlega breytt starfsumhverfi Úrvinnslusjóðs m.t.t. framlengdrar framleiðendaábyrgðar. BSB yfirgaf fund kl. 09:30. Stjórn ræddi framkomnar tillögur PNR. Formaður fór yfir lögfræðialit sem liggur nú fyrir. Einnig fór hún yfir að nú stæði yfir vinna við endurskoðun á flutningsjöfnun allra vöruflokka. Úrvinnslusjóðs.

Stjórn hafnar tillögu um breytt óhreinindahlutfall með vísan til þess að það hafi verið metið af óháðum aðila, Eflu verkfræðistofu, og niðurstöðu lögfræðialits. Fyrirkomulag flutningsjöfnunar í heild sinni er til endurskoðunar hjá stjórn og að úrlausn tillögu PNR að því leyti verði vísað til þeirrar endurskoðunar. Stjórn Úrvinnslusjóðs mun taka endurgjald heyrúlluplasts til umræðu að nýju verði tilefni til þess.

EM spurði hvort hægt væri að setja núllpunkt í Hveragerði núna á meðan endurskoðun á flutningsjöfnun stæði yfir eins og PNR hefur óskað eftir. ÓK fór yfir að það væri hægt að breyta núllpunkti en minnti á að þar sem flutningsgreiðslur á Suðurlandi, en þar falla til um 45% af heyrúlluplasti, gæti lækkað verulega eða jafnvel orðið engar, en hækkað frá Norðurlandi og Austurlandi.

Umræðu frestað.

HH yfirgaf fund kl. 10

4. Raftæki

Á síðasta fundi stjórnar var samþykkt endurgjald fyrir ráðstöfun allra kælitækja (með eða án freon í einangrun) til sérhæfðra endurvinnsluaðila. Áður höfðu kælitæki án spilliefna farið í brotamálmsvinnslu. Á síðasta fundi var einnig rætt um að tryggja rétta meðhöndlun á stórum tækjum og perum. ÍG fór yfir tillögur um að gera kröfu um að ekki verði viðurkennd ráðstöfun fyrir heil ómeðhöndluð raftæki til brotamálmsvinnslu. Lagt var til að ekki verði greitt fyrir kælitæki sem fara í brotamálmsvinnslu eftir 31. ágúst 2021 og síðan fylgi stór raftæki eftir 30. nóvember 2021.

HPH óskaði eftir að fá nánari upplýsingar á milli funda um stöðu meðhöndlunar á raftækjum. Stjórnarmenn ræddu að það þurfi að koma þessari meðhöndlun í betri farveg sem allra fyrst. Umræðu frestað.

5. Önnur mál.

Engin.

Næsti fundur 10. júní 2021 kl. 8:30.

Fundi slitið kl. 10:15